



# 232 Kaskótrygging ferðavagna

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### ALMENN ÁKVÆÐI.

#### 1. Lög um váttryggingarsamninga.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.

#### 2. Þeir sem eru váttryggðir.

- 2.1 Váttryggingartaki er váttryggður. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila, svo sem rétthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum skráðum eða óskráðum eignarréttindum nema sérstaklega hafi verið samið um annað. Váttryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur niður við eigendaskipti. Váttryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

### GILDISSVIÐ VÁTRYGGINGARINNAR.

#### 3. Hið váttryggða.

- 3.1 Váttryggingin nær til ferðavagns, þ.e. tjaldvagns, fellihýsis, pallahýsis eða hjólhýsis þess, sem tilgreint er á váttryggingarskírteini ásamt eðlilegum fylgihlutum svo sem innréttingum og öðrum föstum búnaði. Váttryggingin nær ekki til innbús og annarra lausra muna.

#### 4. Landfræðileg mörk váttryggingarinnar.

- 4.1 Váttryggingin gildir á Íslandi. Ennfremur gildir váttryggingin hvar sem er í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss, sbr. (samanber) þó 3. mgr. (málgrein). Gildistími erlendis er í allt að 90 daga frá þeim degi talið sem hið váttryggða er flutt frá Íslandi. Váttryggingin gildir hvorki annars staðar í Evrópu né í löndum utan Evrópu nema með samþykki félagsins. Sjá þó takmörkun í gr. (grein) 6.2. Bætur fyrir tjón greiddast eingöngu í íslenskum krónum, sbr. þó 18. gr.
- 4.2 Váttryggingin gildir jafnframt fyrir hið váttryggða í flutningi milli þeirra landa þar sem váttryggingin gildir, sbr. 1. mgr., með fyrsta flokks flutningsfari, enda sé um árstryggingu að ræða.
- 4.3 Váttryggingin gildir ekki fyrir hið váttryggða þegar það er notað sem atvinnutæki erlendis nema með samþykki félagsins og greiðslu viðaukagjalds.

#### 5. Tjónsorsakir sem váttryggingin nær til.

- 5.1 Auk þeirra tjónstilvika, sem getur í 6. til 9. gr., bætir félagið skemmdir á hinu váttryggða, sbr. 12. gr., sem verða með skyndilegum og óvæntum hætti af völdum:
- eldingar,
  - eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingar sem stafar af honum,
  - áreksturs,
  - áaksturs,
  - veltu,
  - útafaksturs eða hraps,
  - grjóthruns,
  - snjóflóðs úr fjallshlíð,
  - skriðufalls,
  - aur- eða vatnsflóðs.
  - vatns, sem kemur úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum húsnæðis þar sem hið váttryggða er til geymslu.

#### 6. Stuldur.

- 6.1 Félagið bætir skemmdir sem verða á hinu váttryggða sé því stolið, svo og skemmdir sem verða við innbrot



## 232 Kaskótrygging ferðavagna

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

eða tilraun til innbrots.

- 6.2 Auk tilkynningar til félagsins skal tjónsatburður samkvæmt þessari grein tilkynntur strax til lögreglu. Bætur vegna tjóns samkvæmt þessari grein greiðast því aðeins að tjónsatburðurinn gerist á Íslandi.

#### 7. Fok, óveður.

- 7.1 Félagið bætir skemmdir, sem verða á hinu váttryggða af völdum roks, þ.e. (það er) vindhraði nær 24,5 metrum á sekúndu. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands.
- 7.2 Tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á hið váttryggða bætist þó ekki.
- 7.3 Gætt skal að varúðarreglu varðandi flutning hins váttryggða á landi í óveðri sbr. gr. 24.5.

#### 8. Tjón við flutning.

- 8.1 Félagið bætir skemmdir er verða á hinu váttryggða þegar það er flutt á skipi milli hafna á Íslandi ef flutningurinn er liður í ferðalagi. Tjón af völdum sjöbleytu bætist ekki.

#### 9. Brot á rúðum hins váttryggða.

- 9.1 Félagið bætir brot á rúðum hins váttryggða, enda þótt skilyrði 5., 6. eða 7. gr. séu ekki fyrir hendi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Eigi greiðast bætur fyrir rúður sem brotna við úrtöku eða ísetningu.

#### 10. Flutningskostnaður.

- 10.1 Félagið greiðir kostnað við flutning hins váttryggða til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði ekki unnt að draga hið váttryggða af völdum bótaskylds tjóns.

#### 11. Takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar og ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 11.1 Félagið greiðir ekki bætur þegar:
- tjón hlýst af því að váttryggður eða ökumaður hefur ekki öðlast réttindi til að aka dráttarbil þeim er dregur hið váttryggða eða misst réttindi til að aka honum,
  - um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka dráttarbil þeim er dregur hið váttryggða,
  - ekið er á vegartroðningum, götuslóðum, snjósköflum, ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegaleysur, þó bætast skemmdir er verða þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. (til dæmis) vegna viðgerðar á vegi,
  - skemmdir hljóttast af því að ökutæki, sem dregur hið váttryggða, er ekið í vatni eða sjó,
  - váttrygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar,
  - skemmdir verða af efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla eða viðgerðargalla, þó bætast skemmdir sem hljóttast af þessum orsökum á öðrum hlutum hins váttryggða ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða,
  - skemmdir verða af sliti eða ófullnægjandi viðhaldi,
  - tjónið verður rakið til stríðs, óeirða, upppots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
  - skemmdir hljóttast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna,
  - skemmdir hljóttast af völdum annarra náttúruhamfara en þeirra sem getur í g. til j. liðum gr. 5.1 og 7. gr., svo sem eldgoss, jarðskjálfta eða sandfoks,
  - tjónið verður rakið til skemmda af völdum dýra,
  - ökutæki, sem dregur hið váttryggða, er fengið í hendur aðila sem er ófær til að aka því samkvæmt 44. og 45. gr. umferðarlaga.
- 11.2 Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórfelldu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir hafi tjóninu verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi af þeim, sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða.

#### 12. Einstakir hlutar hins váttryggða sem ekki bætast.

- 12.1 Váttryggingin bætir ekki:
- skemmdir er varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi, gaskúta, gler (annað en rúður), sbr. 9. gr., viðtæki

## 232 Kaskótrygging ferðavagna

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

og önnur hljómtæki svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta hins váttryggða og skemmdir sem af því stafa,

- b. skemmdir á rafbúnaði hins váttryggða er hljótast af skammhlaupi sem ekki veldur eldsvoða,
- c. skemmdir í eða á undirvagni hins váttryggða, sem hljótast þegar það er dregið á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, rafgeymi og öðrum hlutum,
- d. skemmdir á undirvagni er hljótast af því að hið váttryggða tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir,
- e. skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir hið váttryggða.

#### 13. Árstíðabundin takmörkun.

13.1 Um árstíðarbundna varúðarreglu vísast til gr. 24.4.

#### SKYLDUR VÁTRYGGÐS ER TJÓN VERÐUR.

#### 14. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 14.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því skriflega.
- 14.2 Er tjón hefur orðið eða bein hættu er á því að það muni bera að höndum ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni. Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 14.3 Vanræksla á skyldum váttryggðs skv. (samkvæmt) 1. og 2. mgr. getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar eftir lögum um váttryggingarsamninga.
- 14.4 Félagið leysist úr ábyrgð ef váttryggður krefur það ekki um bætur innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik er krafan reis af.

#### 15. Framsal réttar – endurkröfuréttur.

15.1 Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

#### VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐ, TJÓNSUPPGJÖR OG BÓTAÁKVÖRÐUN.

#### 16. Váttryggingarverðmæti og váttryggingarfjárhæð.

- 16.1 Váttryggingarverðmæti er ávallt markaðsvirði hins váttryggða, en það er sú fjárhæð sem sambærilegt tæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu. Fjárhæð bóta vegna skemmda sem verða á einu váttryggingartímabili skal ekki fara fram úr verðmæti hins váttryggða í upphafi váttryggingartímabilsins.
- 16.2 Váttryggingartaki á þó rétt á að halda óbreyttri váttryggingarvernd eftir tjón gegn því að greiða viðbótariðgjald.
- 16.3 Váttryggingarfjárhæð, sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, skal þó ætíð vera sú hámarksfjárhæð sem greidd er í bætur á hverju váttryggingartímabili.
- 16.4 Sé váttryggingarfjárhæð tilgreind og hún er lægri en váttryggingarverðmæti er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á váttryggingarfjárhæð og váttryggingarverðmæti.

#### 17. Algert tjón.

- 17.1 Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón ef:
  - a. hið váttryggða verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við það,
  - b. hinu váttryggða er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu og lögreglu

## 232 Kaskótrygging ferðavagna

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

var tilkynnt um atburðinn.

#### 18. Bætur fyrir algert tjón.

- 18.1 Verði algert tjón getur félagið valið hvort það bæti tjónið með því að:
- greiða markaðsvirði hins váttryggða (gegn staðgreiðslu) þó að hámarki váttryggingarfjárhæðina, sbr. 16. gr., eða
  - afhenda í stað hins váttryggða annan hlut sömu tegundar og af sambærilegri gerð, aldri og gæðum, en sé slíkt ekki unnt að öllu leyti skal félagið einnig bæta með peningum markaðsvirði hins váttryggða að frádregnu markaðsvirði hins afhenta hlutar.
- 18.2 Við uppgjör skv. 1. mgr. getur félagið krafist afsals fyrir hinu váttryggða.

#### 19. Viðgerðarkostnaður.

- 19.1 Skemmist hið váttryggða án þess að skilyrði 17. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera hið váttryggða, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var síðast fyrir tjónið.
- 19.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann.
- 19.3 Lækkun á markaðsverði hins váttryggða, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki.
- 19.4 Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð, sem hafin er án samþykkis hennar.

#### 20. Hið váttryggða í eigu rekstraraðila.

- 20.1 Sé hið váttryggða í eigu rekstraraðila, sem getur nýtt greiddan virðisaukaskatt vegna hins váttryggða sem innskatt í rekstri sínum, bætir félagið ekki þann hluta tjóns sem nemur virðisaukaskatti, hvort sem um er að ræða bætur fyrir algert tjón eða vegna viðgerðarkostnaðar.

#### 21. Endurnýjun einstakra hluta.

- 21.1 Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta hins váttryggða má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.

### BREYTING ÁHÆTTU, RANGAR UPPLÝSINGAR OG VARÚÐARREGLUR.

#### 22. Breyting á áhættu.

- 22.1 Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flytur búferlum. Váttryggingartaki skal tilkynna allar breytingar á hinu váttryggða eða notkun þess, er haft geta í för með sér breytingu á áhættu, svo sem notkun sérstakra tækja og búnaðar.
- 22.2 Vanræki váttryggingartaki tilkynningarskyldu sína samkvæmt 1. mgr. og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækka bætur að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar.

#### 23. Svik og rangar upplýsingar.

- 23.1 Hafi váttryggingartaki við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja



## 232 Kaskótrygging ferðavagna

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.

- 23.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

#### 24. Varúðarreglur.

- 24.1 Vátryggðum og þeim, sem hafa hið vátryggða með höndum, er skylt að gæta þess að það sé í lögmætu ástandi. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki séu í lagi. Jafnframt skal séð til þess að hið vátryggða sé laust við hvers konar slit sem getur aukið hættu á að tjónsatburður verði og að því sé haldið við í samræmi við fyrirmæli framleiðanda, þ.á m. þjónustuhandbók sem byggir á slíkum fyrirmælum framleiðanda.
- 24.2 Ökutæki, sem dregur hið vátryggða skal einungis ekið af þeim sem hefur réttindi til þess að aka því.
- 24.3 Ganga ber frá hinu vátryggða þannig að því verði ekki stolið t.d. með beislislæsingum, læsingu við fastan hlut eða á annan viðhlítandi hátt.
- 24.4 Ef hið vátryggða er geymt utan dyra á tímabilinu 1. október til 30. apríl skal gengið frá því þannig að það fjúki ekki t.d. með því að binda það niður á viðhlítandi hátt.
- 24.5 Ekki skal aka með hið vátryggða á svæðum þar sem varað hefur verið við akstri eða akstri með ferðavagn vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist yfir 24,5 m/s samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands.
- 24.6 Brot gegn gildandi varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

### GILDISTÍMI, IÐGJALD OG FLEIRA.

#### 25. Gildistími vátryggingarinnar.

- 25.1 Vátryggingin tekur gildi þann dag, sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu samkvæmt vátryggingarbeiðninni. Ef vátryggingarskírteini hefur ekki verið gefið út gengur vátryggingin í gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hefur fengið vátryggingarbeiðnina í hendur, nema öðruvísi sé um samið.
- 25.2 Sé ekki um annað samið gildir vátryggingin til næsta gjalddaga kl. (klukkan) 00.00.

#### 26. Framlenging vátryggingarinnar og uppsögn.

- 26.1 Vátryggingin framlengist um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 28.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.

#### 27. Breytingar á vátryggingarskilmálum.

- 27.1 Ef félagið gerir breytingar á vátryggingarskilmálum skal félagið tilkynna vátryggingartaka um þessar breytingar í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarsamninga.

#### 28. Greiðsla iðgjalds.

- 28.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi, sbr. gr. 25.1, og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 28.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðsla er krafist innan 14 daga ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 28.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.



## 232 Kaskótrygging ferðavagna

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 28.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 28.5 Falli vátrygging niður skv. 2. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 28.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

### 29. Sala hins vátryggða.

- 29.1 Vátryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar sé hið vátryggða selt, enda gildir vátryggingin ekki fyrir nýjan eiganda, sbr. þó 2. gr. Sé hið vátryggða selt endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það, sem eftir er af vátryggingartímabilinu. Ljúki vátryggingu með þessum hætti innan árs frá því að hún fyrst tók gildi, reiknast iðgjald fyrir hana samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins fyrir skammtímatryggingar.
- 29.2 Greiði félagið bætur fyrir algert tjón, lýkur vátryggingunni þegar formlega er gengið frá tjónsuppgjöri. Vátryggingartaki á ekki rétt til endurgreiðslu er svo stendur á.

### 30. Iðgjaldsákvörðun.

- 30.1 Iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum, sem raska bótgrundvellingum. Slíkar breytingar veita hvorki vátryggingartaka né félaginu rétt til uppsagnar.

### 31. Uppsagnarréttur félagsins.

- 31.1 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

### GREIÐSLA BÓTA, LAUSN ÁGREININGSMÁLA OG FLEIRA.

### 32. Greiðsla bóta og vextir.

- 32.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

### 33. Eigin áhætta.

- 33.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu eins og getið er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

### 34. Lög um vátryggingarsamninga, lausn ágreiningsmála o.fl. (og fleira).

- 34.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 34.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til



## 232 Kaskótrygging ferðavagna

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

- 34.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 34.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skilmálar þessir gilda frá 30. júní 2014.